

**Nd.**

**258. Nefndarálit**

um frv. til laga um löggilding verslunarstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. á þskj. 160, sem gengið hefir gegnum hv. Ed., og hefir einnig í sambandi við það tekið til athugunar frv. hv. 1. þm. Sunnmýlinga (Sv. Ó.) um löggilding verslunarstaðar á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu. Hefir nefndin orðið ásátt um, eftir þeirri venju, sem fylgt hefir verið um slík mál á Alþingi, að leggja til, að frv. þessi verði samþykkt, en hinsvegar þykir nefndinni rjettara að tæra þau saman í eitt frv., svo að ekki verði nema ein lög um löggilding verslunarstaða frá þessu þingi. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. á þskj. 160 verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM.**

1. 1. gr. orðist svo:

Í Bervík í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu, í Dritvík í sama hreppi, á Broddanesi við Kollafjörð í Strandasýslu og á Vattarnesi í Suður-Múlasýslu skulu vera löggiltir verslunarstaðir.

2. 2. gr. orðist svo:

Verslunarlóðin á Vattarnesi nær yfir 500 metra strandlengju, frá Vattarnestanga vestur fyrir lendingu, en 180 metra á land upp, frá flóðmáli í lendingu. Atvinnumálaráðuneytið ákveður takmörk hinna verslunarlóðanna, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birtir þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

3. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, er verður 3. gr., svo hljóðandi:  
Lög þessi öðlast þegar gildi að því er Vattarnes snertir, en um hina staðina, þegar takmörk verslunarlóðanna eru birt samkv. 2. gr.  
Verði breytingartillögur þessar samþykktar, kemur ekki sjerstakt nefndar-  
álit um frv. á þskj. 102.

Alþingi, 21. febr. 1928.

Gannar Sigurðsson,  
formaður.

Hjediinn Valdimarsson,  
fundaskrifari.  
H. J. Kristófersson.

Magnús Guðmundsson,  
frsm.